

um frv. til l. um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með lagafrumvarpi þessu er farið fram á að veita Landsbankanum undanþágu frá núgildandi lögum, þannig að hann þurfi ekki að draga lán bankans frá, þegar reiknaðar eru eignir hans á móti seðlavelvettunni.

Mér þykir rétt að freista þess í sambandi við afgreiðslu þessara laga að koma á nýrri venju um afstöðu Landsbankans til Alþingis, sem er meir í samræmi við hætti lýðræðislanda en sú, er hingað til hefur gilt.

Stjórn Alþingis á landinu og ríkisstjórnar þeirrar, er það myndar á hverjum tíma, er fyrst og fremst orðin stjórn á atvinnu- og fjármálalífi landsins, gerólik því, sem var, þegar Landsbankinn var stofnaður eða núgildandi lög um hann sett.

Það er hins vegar óhugsandi að framkvæma þá stefnu, sem Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma ákveða, nema stjórnin á Landsbankanum sem seðlabanka þjóðarinnar sé í samræmi við það.

Nú er það hins vegar mjög vel hugsanlegt, eins og kosningaháttur er um bankanefnd og bankaráð og bankastjórn Landsbankans, að ekkert samræmi sé á milli meiri hluta Alþingis og stjórnarstefnunnar í Landsbankanum.

Eins og lögin nú eru, væru aðeins eftirfarandi aðferðir til þess að breyta þar um til þess að koma samræmi á milli vilja þingsins og stjórnar Landsbankans:

1. Breyta lögunum um Landsbankann. — Slíkt þykir mjög varhugavert, þótt Framsóknarflokkurinn hikaði ekki við slíkt eftir valdatöku sína 1927.

2. Setja einhvern eða einhverja af bankastjórum Landsbankans frá, en til þess hefur ráðherra vald, og slíkt gæti dugað stefnu ríkisstjórnarinnar, ef hún hefði meiri hluta í bankaráði til þess að kjósa nýjan. — En þess háttar aðferð hefur ríkisstjórn nú ekki beitt á Íslandi í yfir 30 ár.

Hin eðlilega aðferð til þess að samræma stefnu ríkisstjórnar meiri hluta Alþingis og Landsbankans í fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar án slíkra árekstra væri sú, að einu sinni á ári væri á Alþingi rætt um og ákvörðun tekin um fjármálastefnu þjóðarinnar og ríkisins og stofnana þess. Ef Landsbankinn þarf árlega að sækja til Alþingis um undanþágu undan lögunum eins og þá, sem hér um ræðir, væri það mjög eðlilegt tækifæri til slíkra umræðna og ákvarðana, þannig að þing og stjórn mótuðu í sambandi við afgreiðslu slíkra laga höfuðstefnu seðlabankans í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar.

Svíar hafa haft eftirfarandi aðferð til þess að koma hinu sama fram:

Bankaráðið (bankofullmáktige) er þar kosið beint af þinginu til aðeins þriggja ára í senn. Í þinginu er enn fremur sérstök nefnd „Bankouts-kottet“, er eingöngu fjallar um bankamál. Það þýðingarmesta er þó ekki lagaákvæðin, heldur sú venja, er myndast hefur á seinni árum. Á hverju ári sendir bankaráðið ríkisstjórninni til-mæli um, að undanþágan frá því að innleysa seðla með gulli verði framlengd. Þess-um tilmælum fylgir skýrsla bankaráðsins um stefnu bankans í peningamálum undanfarin ár og álit þess um, hvaða stefnu beri að fylgja á komandi ári. Þetta álit er síðan sent öðrum aðilum til umsagnar. Síðustu árin hefur þar sérstaklega verið um að ræða skipulagsnefndina (Kommissionen för ekonomisk efterkrigsplanering). Að fengnum þessum umsögnum leggur fjármálaráðherra frumvarp fyrir þingið um framlengingu undanþágunnar, og fylgir því álit bankaráðsins og annarra aðila, er málið hafa haft til umsagnar, auk álits ráðherrans sjálfs. Þetta frumvarp, en það vill raunverulega segja stefna bankans í peningamálum, er síðan rætt á þingi, því er vísað til bankanefndarinnar, „Bankouts-kottet“, er skilar greinargerð og álit á stefnu þeirra, er fylgja beri í peningamálum. Þegar svo frumvarpið er samþykkt, er þar með í álitu bankanefndar þingsins, „Bankouts-kottet“, mörkuð sú stefna í peningamálum, er þingið álitur, að bankanum beri að fylgja, og hann að sjálfsögðu telur sér skylt að fara eftir. Með þessu eru áhrif þingsins á stefnu bankans í peningamálum tryggð. Þetta hefur enn fremur í för með sér, að stefnan í peningamál-um er árlega tekin til gaumgæfilegrar athugunar, álits ýmissa sérfræðinga leitað, og peningamálin rædd á opinberum vettvangi bæði í þinginu og blöðunum.

Þetta eru aðferðir Svíanna.

Ég álit það mjög varhugavert að láta þróast í lýðræðisþjóðfélagi svo einrátt embættisvald sem stjórnin á Landsbankanum nú er orðin, þar sem hún er nú orðin ríki í ríkinu. Slíkt er í algeru ósamræmi við það lýðræði, það vald kjósenda yfir ríkinu, sem á að vera grundvöllur stjórnarfars vors. Það verður að byrja, þótt ekki sé nema í smáu, að gera breytingar á þessu — og skal það þó tekið fram, að sú breyting, sem ég legg til, að gerð sé nú í sambandi við þessi lög, nær auðvitað mjög skammt.

En ég álit óþarfa að veita undanþáguna til 5 ára eða til septemberloka 1952, heldur legg til, að hún sé aðeins höfð til októberloka 1948. Gæfist þá Alþingi aftur kostur á að framlengja slík lög, ef meiri hluti þess vill. Hins vegar er ekki rétt að svipta meiri hluta Alþingis á næstu árum þessum rétti til að heita slíkri handhægri aðferð við að hafa áhrif á stjórnarstefnu Landsbankans, ef hann kys að viðhafa hana frekar en aðrar, er heimta gerbreytingu á lögum og starfsháttum bankans.

Fyrir því legg ég til, að gerð sé á frv. eftirfarandi

BREYTING.

Við 2. gr. í stað „septemberloka 1952“ komi: októberloka 1948.

Afstaða mín til frv. í heild fer eftir meðferð þessarar brtt.

Alþingi, 27. okt. 1947.

Einar Olgeirsson.